



Samþykkt bæjarráðs um starfsemi og rekstur frístundaheimila í Hafnarfirði

Skipulag starfsins

1. Starfrækja skal frístundaheimili fyrir börn í 1.-4. bekk við alla grunnskóla í Hafnarfirði. Starfsemi frístundaheimila skal miðast við samþykktir bæjarráðs, lög og reglugerðir, gildandi starfsskrá um frístundaheimili, starfsmannahandbók og vera samþætt eins og kostur er við verklag viðkomandi grunnskóla.
2. Fagleg yfirstjórn frístundaheimila skal vera á höndum verkefnastjóra frístundaheimila, sem starfar undir stjórn fjölskylduráðs, sér um um rekstur þeirra og ber faglega ábyrgð á starfsemi þeirra.
3. Heimilt er að stofna eða færa umsjón með daglegum rekstri frístundaheimilis á hendur:
 - Verkefnastjóra frístundaheimilis (núverandi fyrirkomulag)
 - Skólastjórnenda
 - Íþróttafélaga innan í B H
 - Viðurkenndra félagasamtaka

Gerður verður í þessum tilfellum sérstakur þjónustusamningur, þ.e. ef skólastjórnendur, íþróttafélög eða viðurkennd félagasamtök í Hafnarfirði taka að sér að sjá um rekstur á frístundaheimili. Samningurinn verður kynntur hverju sinni í fjölskylduráði til samþykktar.

Þjónusta og starfsemi

4. Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt tólmundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur, þar sem umgjörðin er fagleg og áhersla lögð á uppbyggileg verkefni. Starfsemin skal styðja við skólastarf, skipulagðar æfingar íþróttafélaga, tónlistarnám og annað tólmundastarf og styrkja félagslega stöðu barna með uppbyggilegri fræðslu og fjölbreyttu tólmundastarfi þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi.
5. Gildi og markmið frístundaheimila koma fram í starfsskrá frístundaheimila sem skal endurskoða á tveggja ára fresti. Næsta endurskoðun fer fram árið 2015.
6. Frístundaheimili taka á móti börnum eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur um kl. 13. Á frídögum skóla í jólafríi, páskafríi og á starfsdögum kennara og foreldradögum stendur þjónusta frístundaheimilis til boða fyrir þau börn sem kunna að vera skráð sérstaklega gegn ákveðnu gjaldi á dag fyrir utan hefðbundinn opnunartíma. Frístundaheimilin eru lokuð í vetrarfríum og alla rauða almanaksdaga. Á hverju ári hefur frístundaheimili heimild til að halda tvo starfsdaga fyrir starfsmenn.
7. Verkefnastjóri á hverjum stað skal hafa háskólamenntun á sviði uppeldis og/eða frítíma. Leitast skal við að ráða inn aðra starfsmenn sem hafa menntun eða reynslu sem nýtist í starfi. Starfsmenn skulu hafa náð 18 ára aldri. Stefnt skal að því að á hverjum starfsstað, þar sem börn með sérþarfir dveljast, sé minnst einn stuðningsfulltrúi með fagmenntun.
8. Tólmundaleiðbeinandi í frístundaheimili skal hafa umsjón með 12-15 börnum að jafnaði. 12-13 sex ára börn pr. starfsmann og 13-15 sjö-níu ára börn pr. starfsmann.
9. Þjónusta barna með sérþarfir er metin af stoðþjónustuteymi í samvinnu við verkefnastjóra frístundaheimila, foreldra og viðeigandi samstarfsaðila hverju sinni.



10. Frístundaheimili skulu alla jafna vera staðsett í skólastofnunum bæjarins eftir nánara samkomulagi. Skrifstofa tómstundamála leigir sérrými frístundaheimilis innan skólans af Fasteignafélagi í samræmi við rýmisparfir. Húsnæði frístundaheimilis skal vera eins samliggjandi og hægt er til að auðvelda umsjón og yfirsýn starfsmanna. Stefnt er að því að aðstaða skuli vera:
 - Sérrými, 60 m² hjarta skilgreint í hverri stofnun
 - Aðgangur að 4 m² sameiginlegu vinnusvæði á barn
 - Aðgangur að bókasafni grunnskóla og aðstöðu til lesturs í tengslum við læsisátak grunnskóla
 - Aðgangur að kennslurými og sérgreinastofum eftir að skipulögðu skólastarfi lýkur
 - Aðgangur að íþróttahúsum grunnskóla eftir að skipulögðu skólastarfi lýkur
11. Skóli greiðir kostnað vegna ræstingar (efni og laun), rafmagns, hita, sameiginlegs öryggis- og brunakerfis og fasts símakostnaðar. Skrifstofa tómstundamála greiðir hluta af þessum kostnaði skv. sérstökum húsnæðissamningi við viðkomandi skóla. Umsjónarmenn húsnæðis (húsverðir) annast vörslu og viðhald húsnæðisins óháð því hver leigjandinn er.
12. Þegar aðstaða fyrir frístundaheimili er ekki fullnægjandi innan skóla, s.s. vegna þess að ekki er fullnægjandi rými fyrir starfsemina, skal Fasteignafélag útvega annað húsnæði fyrir frístundaheimilið í samræmi við rýmisparfir.
13. Gagnkvæmt upplýsingastreymi skal vera á milli skóla og frístundaheimilis með reglulegum fundum. Verkefnastjóri skal hafa skilgreindan aðgang að Mentor. Verkefnastjóri frístundaheimilis skal kynna starf frístundaheimilis fyrir skólastjóra ekki seinna en við upphaf haustannar.
14. Skóladagatal er grundvöllur að samstarfi skóla og frístundaheimilis. Skólastjóri skal að vori kynna skóladagatal næsta árs fyrir verkefnastjóra frístundaheimilis. Á skóladagatali koma fram allir frídagar og óhefðbundnir skóladagar. Skólastjóri skal upplýsa verkefnastjóra um hvenær skólastarfi lýkur á óhefðbundnum dögum og börnin þurfa viðbótarþjónustu með mánaðarfyrirvara. Á óhefðbundnum dögum skulu skólastjóri og verkefnastjóri frístundaheimilis leysa mönnun frístundaheimilis í sameiningu þannig að aukakostnaður falli á hvorugan aðilann.
15. Verkefnastjóri frístundaheimilis skal sitja nemendaverndarráðsfundi þegar skólastjóri kallar viðkomandi inn á fundi eða teymisfundi vegna sérstakra mála tengdum börnum sem eru í frístundaheimilinu. Verkefnisstjóri frístundaheimilis skal sitja skilafundi leikskóla sé þess óskað.
16. Frístundaheimilin skulu leita eftir samstarfi við þau íþrótt- og tómstundafélög sem sinna tómstundum barna í hverfinu, með það að markmiði að börnin geti stundað eða sótt þær innan tímaramma frístundaheimilanna, og fylgja börnum á skipulagðar æfingar þegar færi gefst. Kynning á skipulögðu íþróttastarfi verði markviss og hluti af starfsskrá frístundaheimila.
17. Stefnt skal að samþættum vinnudegi í skólum og frístundaheimilum þannig að skólastarf, hvíld, tómstundir, íþróttir, tónlist og frístund myndi samfelldan vinnudag hjá börnum í 1. – 4. bekk grunnskóla. Frístundastarf komi inn í samfelldan skóladag fremur en að vera í lok vinnudags. ÍTH og fræðsluskrifstofa vinni sameiginlega að þessu markmiði í samvinnu við starfsmenn sviðanna.
18. Í frístundaheimilum skal vera vettvangur fyrir nemendur til að sinna heimanámi.



Gjaldskrá, umsóknir og breytingar

19. Skráning í frístundaheimili fer fram á „Mínum síðum“ á www.hafnarfjordur.is og miðast við annafyrirkomulag; skal fara fram fyrir 1. júlí fyrir haustönn. Börn sem þurfa stuðning og nemendur sem eru að hefja skólagöngu í 1. bekk ganga fyrir.
20. Gjald fyrir vistun í frístundaheimili pr. dag og fyrir viðbótarþjónustu á óhefðbundnum dögum er háð gjaldskrá hverju sinni sem bæjarstjórn samþykkir og auglýsir á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar. Gjaldið er fastagjald og skal vera auglýst fyrir 20. maí fyrir næsta skólaár. Gjaldskrá lækkar ekki þrátt fyrir skerta daga eða ef börn nýta ekki þjónustuna s.s. vegna orlofs eða veikinda. Gjald vegna síðdegishressingar er innifalið í gjaldskrá.
21. Í gjaldskrá koma fram upplýsingar um systkinaafslátt sem er veittur vegna barna sem eru samtímis í frístundaheimilum, leikskólum eða hjá dagforeldrum. Afsláttur gildir í næsta mánuði eftir að skrifleg beiðni um systkinaafslátt berst Hafnarfjarðarbæ. Verkefnastjórar bera ábyrgð á að upplýsa forráðamenn um systkinaafslátt.
22. Skráning gildir frá ágúst til og með desember og janúar til og með júní. Uppsögn fyrir vorönn verður að tilkynna fyrir 15. desember annars framlengist umsókn til og með júní.
23. Gjald fyrir vistun í frístundaheimili er innheimt eftirá með greiðsluseðli. Gjaldldagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 15 dögum síðar. Fimm dögum síðar er send út innheimtuviðvörðun með innheimtukostnaði og 15 dögum síðar er krafan send þeim aðila sem sér um innheimtu fyrir Hafnarfjarðarbæ með tilheyrandi kostnaði. Gjald fyrir vistun í ágúst innheimtist með september á gjalddaga 1. október og gjald fyrir vistun í júní innheimtist með maí á gjalddaga 1. júní.
24. Ef viðskiptamaður er með þrjá mánuði í skuld er uppsögn á vistun barns send út samkvæmt verklagsreglum.

Sumarstarf

25. Við skólalok á sumrin breytist frístundaheimilið í leikjanámskeið fyrir börnin í hverfinu. Leikjanámskeiðin nýta húsnæði frístundaheimila eða annað hentugt húsnæði skólans. Þau eru starfrækt í júní, júlí og ágúst. Í ágústmánuði stendur frístundaheimilið fyrir leikjanámskeiði fyrir nýja nemendur/útskriftarhópa leikskólanna. Heimild til notkunar á skólahúsnæði er unnin á hverju vori í samráði skóla, frístundaheimilis og Fasteignafélags.